



## **Farskóli 2023 - Ráðstefna safnafólks**

Dagskrá í Amsterdam  
10.–13. október 2023

**Farskólastjórn 2023**

## Dagur 1 – Þriðjudagur 10. október 2023

**07:40** Flug frá Keflavík

**12:55** Koma til Amsterdam

**15:00–17:00** Fræðsludagskrá og fyrirlestrar.

*Hér er val á milli heimsóknar til Amersfoort eða Utrecht. Athugið að alls eru fimm vinnustofur í boði í þessum tveimur borgum. Hver þátttakandi velur einungis eina vinnustofu af fimm.*

### Hópur 1: Amersfoort (val um einn viðkomustað af tveimur)

1) **CollectieCentrum (hámarksfjöldi: 40 manns)**

Farið verður í framúrstefnulegt og sameiginlegt 30.000m<sup>2</sup> varðveislu húsnæði ólíkra safna. Wim Hoeben, forstöðumaður CollectieCentrum, flytur fyrirlestur um tilurð varðveislu húsnæðisins og ræðir uppsetningu þess og skipulag. Dagskrá áætluð um 2 klst.

2) **Mondriaanhuis (Mondrian House) (hámarksfjöldi: 30 manns)**

Mondriaanhuis er fæðingarstaður hollenska listamannsins Piet Mondrian, sem er einn af þekktustu listamönnum 20. aldar. Í safninu er sagt frá lífi listamannsins og verkum. Hér gefst tækifæri til að skoða fræg málverk Mondrians og endurgerða vinnustofu og heimili listamannsins eins og það var í París. Sérfræðingur safnsins tekur á móti hópnum og heldur erindi um áherslur safnsins og sérstæða nálgun þess.

### Hópur 2: Utrecht (val um einn viðkomustað af tveimur)

3) **Centraal Museum (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Elsta borgarsögusafn Hollands, stofnað árið 1838, er staðsett í fallegrri byggingu sem endurspeglar móderníska og klassíska byggingarlist. Safneignin er yfirgripsmikil, og þar er að finna listaverk, muni sem tengjast sögu borgarinnar, hönnun og tísku. Meðal annars er Rietveld Schröder húsið frá 1924 tengt safninu og hefur það hlotið viðurkenningu UNESCO sem hápunktur De Stijl – Bauhaus-arkitektúrs. Unnið er markvisst að því að auka aðgengi ólíkra hópa að safninu. Sérfræðingur safnsins tekur á móti hópnum og segir frá sögu safnsins og áherslum.

#### 4) **Spoorwegmuseum (Járnbrautarsafn) (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Spoorwegsmuseum er stundum kallað mest spennandi lestarstöð Hollands. Safninu hefur tekist að verða eitt fjölsóttasta safn landsins, með liðlega hálf milljón safngesta árlega og tekst á við spurningar eins og: Hvernig breyttu lestar heiminum? Í starfsemi sinni hefur safnið lagt áherslu á börn og fjölskyldur sem sinn helsta markhóp og er sérstaklega hugað að aðgengilegri fræðslu fyrir börn. Hópurinn fær tækifæri til að skoða safnið undir handleiðslu markaðsstjóra þess, sem fjallar um sýningarhönnun, upplifun gesta og öfluga markaðssetningu.

#### 5) **Museum Speelklok (Spilaklukkusafn) (Hámarksfjöldi: 20-30)**

Museum Speelklok er einstakt safn í Utrecht sem hefur síðustu 60 árin sérhæft sér í að safna, gera við og sýna sjálfspilandi spiladósúm og öðrum sjálfspilandi hljóðfærum allt frá endurreisnartímabilinu. Safnið opnaði 1984 í miðalda kirkjunni Buurkerk og er eitt af vinsælustu söfnum á svæðinu. Safnið býður gestum að líta inn um glugga fortíðarinnar og sjá safngripi sem hafa verið notuð til ununar og afþreyingar. Sérfræðingur á safninu mun taka á móti hópi íslensks safnafólks, leiða það um safnið og veita innsýn í starfsemi þess og safneign.

**17:00–19:00 Innritun á Hotel Movenpick í Amsterdam**

### **Dagur 2 – miðvikudagur 11. október 2023**

***Við byrjum daginn á keynote fyrirlestrum í Rijksmuseum - í kjölfarið er boðið upp á fjölbreytt úrval vinnustofa og safnheimsóknna og hefur hver þátttakandi val um tvær heimsóknir.***

#### **9:00 – 10:30 Fyrirlestrar í Rijksmuseum - keynote speakers**

Rijksmuseum's Auditorium er stór fyrirlestrarsalur sem gefur möguleika á að skapa umhverfi sem stuðlar að þátttöku og umræðu. Ráðstefnugestir boðnir velkomnir af starfsfólki safnsins.

##### **Keynote 1:**

**Harm Stevens**, forvörður og sýningarstjóri í sagnfræðideild (history department) Rijksmuseum, Þjóðminjasafni Hollands. Harm hefur starfað hjá safninu frá 2009, ritað fjölda bóka og komið að ótal sýningar verkefnum meðal annars *Revolusi! Indonesia Independent* sem opnaði 2022. Hann segir frá starfi sínu og nálgun safnsins varðandi samstarf við háskólasamfélagið og fyrirhugaða langtímasamvinnu við rannsakendur í Indónesíu.

## **Keynote 2:**

**Annemies Broekgaarden**, deildarstjóri miðlunar og fræðslu (public & education) og þátttakandi í stjórnendateymi Rijksmuseum. Hún er einnig ráðgjafi á vegum EMA, European Museum Academy. Annemies innleiddi fræðslustefnu Rijksmuseum sem og dagskrá fyrir endurofnun safnsins 2013. Hún kom á fót fræðsludeild, þróaði sérstakt fræðslurými og er í forsvari fyrir akademískt samstarf og stafræna þróun náms (digital learning). Í fyrirlestri sínum ræðir Annemies hvernig fræðsluáherslur safnsins, sem er í raun þjóðminja- og þjóðlistasafn, taka mið af aðgengi, fjölbreytileika og inngildingunni.

## **10:30–11:15 Málstofur 1 – val í Amsterdam**

### **A) Vermeer sýningin í Rijksmuseum: Picnic Room (hámarksfjöldi: 35 manns)**

Sérfræðingar Rijksmuseum bjóða upp á faglega jafningafræðslu (session with colleagues). Renske Brinkman og Wieneke 't Hoen fjalla um sýninguna Vermeer sem var í safninu frá 10. febrúar til 4. júní í ár. Sýningin er stærsta sýning á verkum listamannsins Johannes Vermeer og endurspeglar stórt samvinnuverkefni þvert á öll svið safnastarfsins. Hér er tækifæri til að spyrja og fá innsýn í undirbúningsferlið og umfang verkefnisins.

### **B) Rijksmuseum: Teekenschool Educational Center (hámarksfjöldi: 15 manns)**

Erindi flutt í fræðslurýmum safnsins, staðsettum við hlið aðalbyggingarinnar þar sem safngestir á öllum aldri fá tækifæri til að þróa hæfileika sína og sköpunargleði með margvíslegum hætti. Sagt verður frá mismunandi verkefnum og áherslum. Auk þess gefst tækifæri til að fræðast um hvernig safnið skipuleggur fyrirlestraraðir og miðlar þekkingu á margvíslegan hátt.

## **12:30 - 14:00 Málstofur 2 – Amsterdam**

### **C) Reinwardt Academy (hámarksfjöldi: 30 manns)**

Nel van Dijk, háskólarektor (director), Menno Welling, yfirmaður meistaranáms og Hester Dibbits, yfirmaður menningararfsrannsóknna (head of Cultural heritage research group), flytja erindi um þá færni og þekkingu sem nauðsynleg er í safna- og menningararfsumhverfi samtímans. Þau velta upp spurningum eins og hvaða rannsóknarefni eiga erindi í faglegu starfi safna og menningarstofnana. Nálgun Reinwardt Academy er hagnýt og gefst þátttakendum færi á að skiptast á hugmyndum.

**D) NEMO – Vísindasafn (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Nemo er stærsta vísindasafn Hollands. Einblínt verður á notkun tækni í sýningum, nýjar miðlunarleiðir, möguleika og áskoranir. Safnið er framsækið og hefur undanfarin ár unnið að ótal gagnvirkum sýningum sem kynna vísindi og tækni á skemmtilegan, fróðlegan og samhæfðan hátt. Erindið mun veita innsýn í áherslur á upplifun safngesta með notkun tækni og gagnvirkra miðlunarleiða.

**E) Van Gogh Museum (hámarksfjöldi: 20-40 manns)**

Emilie Gordenker safnstjóri, Marije Vellekoop safneignarstjóri og Amanda Vollenweider fræðslu- og kynningarstjóri taka á móti hópinn og kynna starfsemi safnsins. Fjallað verður um sögu safnsins, hvernig það hefur þróast og hvernig safnafræði hefur haft áhrif á starfsemi þess. Veitt verður innsýn í hvernig safnið vinnur að því að auka skilning almennings og áhuga á Van Gogh með notkun samfélagsmiðla og öðrum fræðsluaðferðum.

**F) FOAM – Fotografiemuseum Amsterdam (hámarksfjöldi: 20-30)**

Sérfræðingur FOAM veitir innsýn í starf safnsins þar sem áhersla er lögð á ljósmyndun sem listræna frásagnarhefð. Einnig verður veitt innsýn í varðveislu ljósmynda og innra starf safnsins.

**G) Het Dolhuys – Museum of the Mind (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Sérfræðingur frá safninu mun flytja erindi um nálgun safnsins á því hvernig þau fræða safngesti og rannsaka viðfangsefni safnsins sem snýst um heila og huga mannsins. Þetta er fyrsta safnið sem sérhæfir sig í sálfræði og geðheilbrigði, og er því alveg einstakt. Áhersla erindisins snýr að viðburðahaldi og hvernig safninu hefur tekist að láta gesti staldra við um stund, horfa innávið, skoða eigin hugsanir, tilfinningar og auka skilning sínum eigin huga.

**15:00–16:30 Málstofur 3 – Amsterdam**

**A) Anne Frank Huis – safn lifandi minninga (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Sérfræðingur frá safni Anne Frank mun fjalla um áskorunina að halda utan um erfiða og mikilvæga sögu Anne úr seinni heimsstyrjöldinni. Fyrirlesturinn skoðar hvernig Anne Frank Huis vinnur með minningar um helförina, sögu fortíðarinnar og hvernig þeirri sögu er haldið lifandi í gegnum starfsemi safnsins.

**B) De Hortus – Grasagarður (hámarksfjöldi: 20)**

Sérfræðingur garðsins flytur erindi um áherslu þeirra á þróun og samvinnu á sviði grasgarða sem safna og skapandi rýma. Skoðaðir verða þeir faglegu þættir sem tengjast grasagörðum og hvernig þeir vinna með menntunarhlutverkið og sinna rannsóknum, námi og nýsköpun.

**C) EYE Film Institute – Kvikmyndasafn (hámarksfjöldi: 12 manns)**

Farið er í 45 mín. leiðsögn hjá Frank Roumen safneignarstjóra um varðveisluhúsnæði safnsins þar sem unnið er að forvörslu og viðgerðum á gömlum kvikmyndunum.

**D) Stedelijk – Samtímalistasafn (hámarksfjöldi: 30 manns)**

Lucas Bonekamp, yfirverkefnastjóri safnsins heldur erindi um hvernig haldið er utan um framkvæmd sýninga í safninu. Farið verður yfir ferlið frá hugmynd að sýningaropnun. Einnig verður fjallað um reynslu safnsins af sýningarstjórnun og hönnun.

**E) Tropenmuseum – Mannfræðisafn (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Fjallað verður um sérstöðu safnsins í tengslum við samfélagsþátttöku og samráð við sitt nærumhverfi. Lögð er áhersla á að vinna með samfélaginu og reynt að skapa vettvang fyrir samskipti sem styrkja menningarlegan fjölbreytileika. Á sýningum safnsins er lögð áhersla á persónulega upplifun, sögur og ólíkar upplifanir. Erindi sérfræðings safnsins fjallar um hvernig unnið er með rannsóknir og miðlun.

**F) Verzetmuseum – Resistance Museum (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Verzetmuseum fjallar um flókna og dramatíska sögu andspyrnunnar gegn nasistum í Hollandi í annarri heimsstyrjöldinni. Safnið leggur sérstaka áherslu á að birta persónulegar sögur þeirra sem voru hluti af andspyrnuhreyfingunni, bæði hermenn og alþýðufólk sem reis upp gegn stjórnvöldum. Safnið hefur hlotið hollensku safnaverðlaunin og viðurkenningu fyrir framúrskarandi aðgengismál. Safnstjóri safnsins, Liesbeth van der Horst, mun fjalla um sögu safnsins og segja frá því hvernig safnið hefur unnið.

**Formlegri dagskrá miðvikudags 11. okt. 2023 lýkur kl. 16:30.**

**Frjálst val um kvöldið – tillögur:**

- Gönguferð um Amsterdam – boðið verður upp á gönguferð um Amsterdam með leiðsögn
- Pubquiz á hótelnarum kl. 20:30

## **Dagur 3 – fimmtudagur 12. október 2023**

*– val um Den Haag, Leiden eða Rotterdam*

### **Den Haag (hámarksfjöldi: 40 manns)**

**8:30–10:00 lest frá Amsterdam til Den Haag**

**10:00–11:30 Málstofur 3 (fyrir hádegi) – Den Haag**

**A) Mauritshuis – Söfn og sjálfbærni (hámarksfjöldi: 30 manns) (tekur upp. 44 mín og 10 mín ganga)**

Einstakt safn með stórbrotna safneign sem rúmar rúmlega 900 listaverk með áherslu gullaldartímabil í hollenskri listasögu, 17. öldina. Á safninu má m.a. finna verk eftir Rembrandt, Jan Vermeer (Stúlka með perlueyrnalokk), Frans Hals og Jacob van Ruisdael. Starfsemi safnsins er umfangsmikil og undanfarin ár hefur mikilvægt starf verið unnið varðandi þróun og sjálfbærni. Quentin Buvelot, sýningarstjóri mun taka á móti hópnum og flytja erindi um hvernig safnið hefur unnið að sjálfbærnistefnu á undanförunum misserum. (Icom kort æskilegt)

**B) Kasteel Duivenvoorde – safn í kastala (hámarksfjöldi: 20 manns ) (Tekur upp. 1 klst og 15 mín)**

Í stórfenglegu umhverfi gefst tækifæri til að skyggjast inn í fortíðina og skoða kastala sem hefur verið í umsjá sömu ættarinnar frá 13. öld. Byggingin er söguleg og ber vitni um hollenskt líf gegnum aldirnar. Safnið býður upp á útleigumöguleika og ýmis konar viðburðarhald, svo sem tónleika, listasýningar, menningarhátíðir og fleira. Sérfræðingur mun taka á móti og leiða hópinn gegnum safnið og segja frá áherslum á viðhald og rekstur á gömlu sögulegu og vernduðu húsnæði.

**13:00–14:30 Málstofur 3 (eftir hádegi) –**

**C) Nationaal archive - Þjóðskjalasafn (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Þau sem taka á móti hópnum og verða með erindi:

- Saskia Oranje – Deildarstjóri rannsókna og miðlunar.
- Karijn Delen - Sýningarstjóri
- Charlotte Labrie – Deildarstjóri safnfræðslu
- Charlene McDonald - forvörður (óstaðfest)

**D) Louwman Museum: Saga bifreiðarinnar (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Louwman Museum varðveitir eitt af umfangsmesta og elsta safn af bílum í heiminum. Safnið var stofnað árið 1934 og nær safneignin yfir 250 bíla sem spanna sögu farartækisins. Safnstjóri safnsins, sem er einnig sérfræðingur á sviði forvörslu leiðir hópinn í gegnum safnið og fjallar sérstaklega um undirbúning gripa fyrir sýningarhald.

**15:00–16:00 lest frá Den Haag til Amsterdam (tekur upb. 44 mín)**

**Dagur 3 – fimmtudagur 12. október 2023**

*– val um Den Haag, Leiden eða Rotterdam*

**Leiden (hámarksfjöldi: 40 manns)**

**8:30–10:00 lest frá Amsterdam til Leiden**

**Leiden: 10:00–11:30 Málstofur 4 (fyrir hádegi)**

**A) Rijksmuseum Boerhaave – Vísinda og læknisfræðisafn (hámarksfjöldi: 20-30 manns) (tekur upb. 50 mín)**

Safnið er sannkallað fjársjóðshús Hollands á sviði vísinda og læknisfræði og hlaut Evrópsku safnaverðlaunin árið 2019. Á safninu verður hópnum boðið inn í heillandi heim vísindanna. Fjallað er um mikilvægustu uppgötvanir í sögu vísinda, hvaða vísindamenn stóðu að baki þeim og hvaða áhrif þessar uppgötvanir hafa á daglegt líf. Annelore Scholten, dagskrár- og þróunarstjóri mun flytja erindi um áherslur safnsins í fræðilegu samhengi.

**B) Naturalis – Biodiversity Center 10:30–14.00 (hámarksfjöldi: 20 manns) (tekur upb. 45 mín)**

Naturalis Biodiversity Centre er náttúrufræðisafn Hollands ásamt því að vera rannsóknarmiðstöð um líffræðilegan fjölbreytileika. Naturalis hlaut Evrópsku safnaverðlaunin árið 2021 og er ein af áhrifaríkustu náttúrufræðistofnunum í heiminum. Sögu Naturalis má rekja aftur til 1800 og telur safnkosturinn um 42 milljónir aðfanga. Sjan Janssen, sýningarstjóri, tekur á móti hópnum, hún flytur erindi um vinnu við sýningar safnsins.

**ATH ef valið er Naturalis er það eina safnið sem verður heimsótt þennan daginn!**



### **Leiden: 13:00–14:30 Málstofur 4 (eftir hádegi)**

#### **C) Museum de Lakenhal – listir og saga (hámarksfjöldi: 20 manns )**

Tanja Elstgeest safnstjóri mun flytja erindi um hlutverk sögulegs listasafns í menningar- og sögulegu samhengi og hlutverk listasafns fyrir nærsamfélagið. Safnið hefur frá árinu 2019 gengið gegnum umfangsmikla endurskoðun, sem hefur haft það að markmiði að opna safnið fyrir gestum og auka aðgengi þess.

#### **D) Rijksmuseum van Oudheden – fornleifar (hámarksfjöldi: 30 manns )**

Fornminjasafn Hollands er liðlega 200 ára gömul stofnun. Þar fær hópurinn innsýn í varðveislu á aldagömlum gripum frá Egyptalandi og austurlöndum nær, sem og hollenskum forngripum frá miðöldum. Á safninu eru varðveittir rúmlega 180.000 gripir. Lykilgripur safnsins er 2.000 ára gamalt egypskt musteri sem Egyptar færðu hollensku þjóðinni að gjöf um 1960.

### **Tillögur að afþreyingu:**

- Molen De Valk– safn í vindmyllu

### **15:00–16:00 lest frá Leiden til Amsterdam**

## **Dagur 3 – fimmtudagur 12. október 2023**

*– val um Den Haag, Leiden eða Rotterdam*

### **Rotterdam (hámarksfjöldi: 40 manns)**

### **8:30–10:00 lest frá Amsterdam til Rotterdam**

### **Rotterdam: 10:00–12:00 Málstofur 5 (fyrir hádegi)**

#### **A) Maritiem Museum – Sjóminjasafn (hámarksfjöldi: 20 manns) (tekur upp. 1,25 klst)**

Annete de Wit, forvörður, tekur á móti hópnum og segir frá faglegri starfsemi safnsins. Sjóminjasafnið var stofnað árið 1874 af Henry Hollandsprins. Sýningar safnsins segja frá

þeim gríðarlegu áhrifum sem siglingar hafa haft á daglegt líf jarðarbúa. Fjölbreyttar sýningar safnsins eru ekki einungis innandyra, heldur er hluti gömlu hafnarinnar í Rotterdam skilgreindur sem hluti sjóminjasafnsins. Þar geta gestir séð söguleg skip og fræðst um hafnarstarfsemi í Rotterdam frá upphafi.

**B) Nederlands Fotomuseum – Ljósmyndasafn (frá 10:00-11:30) (hámarksfjöldi: 20 manns) (tekur upp. 1,30 klst)**

Safnið varðveitir rúmlega þrjár milljónir ljósmynda úr 150 söfnum. Myndirnar eru allar teknar af hollenskum ljósmyndurum og frummyndirnar varðveittar í raka- og hitastýrðum varðveislurýmum. Safnkosturinn geymir ljósmyndir frá 20. og 21. öld. Gestir safnsins hafa aðgang að 120.000 stafrænum ljósmyndum og kvikmynduðu efni. Þátttakendur fá að heyra af störfum ólíkra sérfræðinga, m.a. sýningarstjóra, forvarðar, yfirmanns safnkosts og starfsmanns stafrænnar miðlunar.

**Rotterdam: 13:00–15:00 Málstofur 5 (eftir hádegi)**

**C) Boijmans Van Beuningen – listasafn (hámarksfjöldi: 20 manns)**

Safnfræðslufulltrúi á Boijmans Van Beuningen tekur á móti hópnum. Safnið er staðsett í hjarta Rotterdam. Safnið býr yfir yfirgripsmiklu safni vestrænnar listar frá miðöldum til dagsins í dag og hefur að geyma gömul meistarverk og skúlptúra, nútíma- og samtímalist, skrautmuni og iðnhönnun. Safnið geymir meðal annars prentmyndir og teikningar, hollensk málverk frá elstu tíð, impressjónisma og súrrealisma, og er talið meðal þeirra bestu í heiminum.

**Boijmans Depot – listaverkageymsla (hámarks**

Þetta er fyrsta opna og aðgengilega listasafnsgeymslan í heiminum. Varðveislurýmið er staðsett við hliðina á Museum Boijmans Van Beuningen. Þar geta gestir séð afrakstur 173 ára söfnunnar. Ríflega 152.000 verk eru varðveitt í fjórtán varðveislurýmum með fimm ólíkum hita- og rakastýringum. Gestir fá einstaka innsýn bak við tjöldin í varðveislu og forvörslu á umfangsmikilli listaverkæign.

**D) Naturhistorisch Museum (hámarksfjöldi: 15 manns)**

Á Náttúrufræðisafninu í Rotterdam er fjölbreytt flóra sýninga, og má þannig segja að safnið hætti aldrei að koma á óvart. Safneignin er viðamikil og inniheldur fugla, spendýr, fiska, skordýr, skeljar, plöntur – og sýnir þannig umfangsmikinn líffræðilegan fjölbreytileika jarðarinnar. Safnið einbeitir sér að gera náttúruna skiljanlega fyrir börn og fær lof fyrir.

### **E) Museum Rotterdam (hámarksfjöldi: 15 manns)**

Borgarsafn Rotterdam. Safnið miðlar sögu borgarinnar á ólíkum tímum og yfirstandandi er sýningin 40-45 sem fjallar um sögur borgarinnar í seinni heimsstyrjöldinni. Sýningin hefur hlotið lof gesta og mun sérfræðingur safnins leiða hópinn gegnum sýninguna, segja frá gerð hennar og svara spurningum um faglegt starf.

#### **Tillögur að afþreyingu:**

- Grasagarðurinn Arboretum Trompenburg
- Kunsthal Rotterdam

**15:00–16:00 lest frá Rotterdam til Amsterdam**

**Formlegri fræðsludagskrá lýkur kl. 16:00**

**19:00-00:00** Hátíðarkvöldverður FÍSOS og árshátíð á Hotel Movenpick

## **Dagur 4 – föstudagur 13. október 2023**

**14:10** Flug frá Amsterdam

**15:25** Koma til Keflavíkur

**Fagleg dagskrá ráðstefnunnar eru samtals 11 klst.**